

***BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um könnun á húsnæðismarkaðnum í Reykjavík - MSS22070050***

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera könnun á upplifun borgarbúa á húsnæðismarkaðnum í Reykjavík. Reynt verði að meta hvort markaðurinn sé að svara eftirspurn borgarbúa. Í henni verður m.a. athugað hvernig húsnæði fólk vill, hversu dýrt það má vera og á hvaða svæðum í borginni það vill fá það. Framkvæmd könnunar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.

**Greinargerð:**

Það er mikilvægt að borgin hafi yfirsýn yfir húsnæðismarkaðinn út frá væntingum og stöðu íbúa.